



Gjaldskrá fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarbyggð

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt, í samræmi við 16. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð nr. 296/2007, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæminga rotþróa í Borgarbyggð.

2. gr.

Gjaldið er innheimt árlega, sem hér greinir:

Rotþró	kr.
3100 lítra og minni	8.580
3101 – 6000 lítra	9.920
6001 – 10000 lítra	11.830

Fyrir rotþrær stærri en 10000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 7.100 á rúmmetra við losun.

Þurfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt sérstakt tæmingargjald sem er kr. 59.580,- fyrir hverja tæmingu og auk þess kr. 360 fyrir hvern ekinn km.

Gjaldið verður endurskoðað árlega, þ.e. 1. janúar ár hvert og breytist í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar sem er 136,1 í desember 2017.

3.gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitar-stjórn Borgarbyggðar með stoð í 25. gr. laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Með samþykkt þessarar gjaldskrár fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1284/2016.

Borgarnesi 28. desember 2017.


SVEITARSTJÓRNIN
BORGARBYGGÐ
sveitarstjóri